



Bókasafn Reykjanesbæjar

ársskýrsla fyrir árið 2021



Efnisyfirlit:

Hagnýtar upplýsingar

Lykiltölur 2021
Hlutverk
Leiðarljós
Markmið
Leiðir að markmiðum
Aðsetur
Opnunartími
Húsnæði
Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél
Rafrænn aðgangur
Rekstrartölur
Starfsfólk
Helstu verkefni ársins
Súlan - verkefnastofa

Aðfangadeild

Hlutverk
Safnkostur

Barna- og ungmennastarf

Sögustundir/heimsóknir
Samstarfsverkefni
Sumarlestur
Koffort
Gaman að lesa saman
Bókaverðlaun barnanna
Fjölskyldudagar
Barnahátíð
Sögupokar

Fjölmenning

Heimskonur
Heima er þar sem hjartað slær
Heilakúnstir
Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Fjölmenningarráð Reykjanesbæjar
Þjónusta við hælisleitendur
Millisafnalán
Samstarf við Norræna húsið

Heimsendingar

Tölur yfir útlán

Kynningar-og markaðsmál ásamt menningarviðburðum

Reglulegir/fastir viðburðir
Aðrir viðburðir á árinu
Sýningar í Átthagastofu
Kynningarmál

Tölvu- og tæknimál

Tölvueign
Forrit og kerfi

Upplýsingadeild

Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir
Millisafnalán
Notendaþjónusta
Handbækur
Upplýsingavakt

Útlánadeild

Verksvið
Útlán

Viðgerðir og bókband

Stapasafn

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

LYKILTÖLUR 2021: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Útlán: 85.433 (74.127)

Útlán á íbúa: 4,3 (3,9)

Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2021 voru 57.511 (53.913)

Útlán Stapasafns 7.218

Heimsendingar, útlán á Nesvelli og Hlévang voru 723 (847)

Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 19.860 (19.380)

Útlán til skipshafna 182 (151)

Rafbókasafn 492 (594)

Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 250 (240)

Millisafnalán voru 3.525 (2.443)

Fjöldi lánþega með gild kort 31. desember 2021 2.183 (2.046)

Heimsóknir leikskólabarna í sögustundir og ratleik: 117 (50)

Heimsóknir bekkja úr grunnskólum: 24 (15)

Sumarlestur: 132 (142)

Streymisviðburðir: 3.577

Þjónustutími: 51 klst á viku

Þjónustudagar: 284 (228)

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni 31. 12 2021: 63.049 (61.914)

Fjöldi starfsmanna í árslok 2021: 10 (10). Stöðugildi 8,1 (8,1)

Hlutverk og markmið skv. Bókasafnalögum nr. 150/2012

Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir. Markmið og hlutverk bókasafna og starfsemi þeirra eru samkvæmt lögnum að bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Markmið bókasafna er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Tilgangur laga þessara er að efla starfsemi og samvinnu bókasafna þannig að þau geti sem best gegnt því hlutverki sínu að vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.

Út frá hlutverki safnsins skv. lögum hafa verið sett fram eftirfarandi markmið og leiðarljós:

Leiðarljós Bókasafns Reykjanesbæjar

Í samvinnu við íbúa bæjarfélagsins leitast starfsfólk við að veita vandaða bókasafns- og upplýsingaþjónustu í bjartri, opinni og vingjarnlegri stofnun. Bókasafnið er staðurinn til að heimsækja til að sækja fræðslu, námskeið, viðburði, skemmtun, eflandi einveru og nærandi samveru.

Markmið Bókasafns Reykjanesbæjar er:

- Að veita góðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska, vísýni og afþreyingar fyrir alla íbúa Reykjanesbæjar.
- Að verða lifandi í hugskoti íbúanna sem heilsulind hugans og fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun.
- Að vinna stöðugt að því að lestur verði lífsstíll allra aldurshópa.
- Að vera til styrktar í hverskonar þekkingarleit og standa vörð um íslenska tungu.
- Að upplýsa um bæjarfélagið og margvíslega þjónustu þess.
- Að vera í framvarðasveit íslenskra almenningsbókasafna um jákvæða, markvissa og öflugra þjónustu.

Þetta gerum við með því að:

- Vanda val bókakosts, tímarita og kvikmynda, hafa rúman opnunartíma, leiðbeina um safnið og samskrá íslenskra bókasafna og leitir.is, hafa gott aðgengi fyrir fatlaða og heimsendingarþjónustu fyrir sjúka og aldraða.
- Gera hæfniskröfur til starfsmanna um góða þjónustu og stuðla að símenntun þeirra.
- Vinna stöðugt að kynningu safnsins og laða íbúa að.
- Leggja áherslu á mikilvægi lesturs í barnastarfi og fitja upp á nýbreytni í kynningu safngagna. Hafa íslenskt efni í fyrirrúmi og safna sérstaklega efni um Reykjanesbæ og nágrennanbyggðir í Átthagadeild.
- Veita nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu, millisafnalán, aðgang að nýjustu rafrænu miðlum og lestraraðstöðu.
- Hafa góða samvinnu við önnur söfn og viðeigandi fagfélög.

Aðsetur: Bókasafn Reykjanesbæjar er til húsa í Ráðhúsi Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ. Póstfang 230. Sími 421 6770. Netfang: bokasafn@reykjanesbaer.is, veffang: sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn. Stapasafn er til húsa í Stapaskóla, Dalsbraut 11 í Innri-Njarðvíkurhverfi. Póstfang 260. Sími 420 9802. Netfang: stapasafn@reykjanesbaer.is.

Opnunartími: Safnið er opið mánudaga til föstudaga kl. 9-18 og laugardaga 11-17 allt árið. Vegna tímabundins niðurskurðar fyrir árið 2022 verður opnunartími skertur um 1 klst yfir veturinn á laugardögum og lokað á laugardögum yfir sumarið.

Húsnæði: Safnið er í 795 m² húsnæði sem skiptist í tvær hæðir. Efri hæð er 395 m² og neðri hæð 400 m². Neðri hæðin nýtist illa vegna lofthæðar, loftgæða og ranghala. Stapasafn er í 476 m².

Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél: Bókasafnskerfi safnsins er Gegnir, landskerfi bókasafna. Ein sjálfsafgreiðsluvél er á safninu sem er komin til ára sinna og ekki er hægt að uppfæra frekar og önnur sjálfsafgreiðsluvél er í Stapasafni.

Rafrænn aðgangur: Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum, sjá hvar.is og leitir.is. Bókasafnið er aðili að Rafbókasafni rafbokasafn.is.

Rekstrartölur: Fjárhagsáætlun Bókasafnsins 2021 hljóðar upp 91.800.000 kr. Tekjur voru áætlaðar 5.025.000 kr., launakostnaður 69.060.934 og annar rekstrarkostnaður 27.764.066. Fjárhagsáætlun Stapasafns 2021 hljóðar upp á 13.300.000 kr. Launakostnaður var áætlaður 8.239.000 kr. og annar rekstarkostnaður 5.061.000 kr.

Starfsfólk: Í árslok 2021 voru 10 (10) starfsmenn á safninu í (8,1) stöðugildum. Þeir eru: Anna María Cornette, Guðný Kristín Bjarnadóttir, Guðríður Anna Waage, Jóna Þórudóttir, Oddný Leifsdóttir, Rannveig Garðarsdóttir, Stefanía Gunnarsdóttir, Ármann Ævar Halldórsson, Sigurrós Inga Sigurbergisdóttir og Pórey Ösp Gunnarsdóttir. Auk þess voru Dilja Rún Einarsdóttir og Marta Alda Pitak í afleysingum. Anna Margrét Ólafsdóttir var í 3 mánuði með ráðningarstyrk í vinnumarkaðsaðgerð Vinnumálastofnunar. Árný Stella Gunnarsdóttir frá Janus endurhæfingu kom í vinnuprófun. Marta Alda Pitak og Hanna Fjóra Bess voru liðsmenn safnsins í gegnum námsmannaúrræði yfir sumarið.



Helstu verkefni ársins:

Árið var litað af Covid-19 og samkomutakmörkunum sem hefur haft veruleg áhrif á alla starfsemi bókasafnsins auk þess sem safnið var lokað 25. mars til 15. apríl. Á þeim tíma var hægt að panta bækur, sem teknar voru til og sóttar við innganginn í safnið. Þá höfðu fjöldatakmörkanir veruleg áhrif á skipulag viðburða og viðburðahald. Þrátt fyrir þetta þá er 13% aukning á útlánum og tæp 15% aukning í notkun sjálfsafgreiðsluvélar.

Verkefnið „Heima er þar sem hjartað slær“, sem hófst í bókasafninu 2019, fékk veglegan styrk úr Bókasafnasjóði í samstarfi við bóksöfnin í Múlaþingi, Dalvíkurbyggð, Ísafirði og Árborg. Tvær stúlkur úr ungmennaráði Reykjanesbæjar komu til fundar í safninu og lögðu áherslu á aukin innkaup á ungmennabókum sem var og gert. Þeim er þakkað kærlega fyrir ábendinguna. Sótt var í Uppbyggingarsjóð fyrir verkefnið „Kynning á bókmenntaarfi“ sem fékkst. Norski sendiherrann Lise Norheim, kom í heimsókn ásamt fríðu föruneyti og skoðaði sýninguna um Kardimommubæinn sem sett var upp í Áttthagastofu safnsins. Sett var upp glæsileg sýning Smá – brot; tónlist og útgáfa á Suðurnesjum sem hefur fengið góðar viðtökur. Oft hefur verið erfitt að telja og áætla gestatölur í safninu. Því var fjárfest í teljurum. Einn var settur í Áttthagastofu og annar í Lesstofu. Vonast er til að fá betri yfirsýn yfir fjölda gesta á sýningar.

Innleiðing á Lean aðferðafræði í safninu hófst með aðstoð Eydísar Rósar Ármannsdóttur, verkefnastjóra. Byrjað var á daglegum töflufundum, bætt var við deildarstjórafundum einu sinni í viku og starfsmannafundir haldnir hálfsmánaðarlega. Þá voru ýmsir

verkferlar, aðstaða og skipulag skoðað með Lean umbætur í huga. Lean styður við stefnu bæjarins þar sem markmið Lean er að bæta sig, umhverfið og vinnulag alla daga. Forstöðumaður fór á vinnustofu um markmiðasetningu og innleiðingu stefnu Franklyn Covey þar sem m.a. var búin til áhrifakeðja fyrir Bókasafnið. Í árslok var hafist handa við gerð Netspjalls í kjölfar þjónustusamnings bókasafnsins við Keili. Stefnt er að netspjallið verði komið í notkun í febrúar 2022. Í byrjun árs voru hannaðir og pantaðir nýir fánar fyrir bókasafnið. Búin var til öryggis- og rýmingaráætlun fyrir bókasafnið. Teknar voru ljósmyndir af safninu af ljósmyndara sem nota á í markaðsstarf.

Rannveig Lilja Garðarsdóttir, starfsmaður bókasafnsins leiddi Tækifærissöngur með Nanný sem voru tvisvar í viku eftir hádegi. Markmiðið með því að hafa söngurnar á þessum tíma var að ná til þeirra sem voru t.d. atvinnulausir eða vantaði félagsskap. Blandað var saman fróðleik og hreyfingu. Heilsugöngur styðja við læsi í víðum skilningi og heilsueflandi samfélag og vellíðan íbúa. Farið var í 19 göngur og að meðaltali voru 16 manns í hverri göngu. Í maí hóf göngu sína Tungumálakaffi í samstarfi við Rauða krossinn á Suðurnesjum. Sjálfboðaliðar koma og spjalla á íslensku um daginn og veginn. Athygli vekur að hópurinn samanstendur mestmegnis af karlmönnum og hafa að meðaltali 10 manns mætt í hvert spjall. Um haustið var Heimskonum boðið aðstoð við að þrjóna sína eigin lopapeysu. Hist var annan hvern fimmtudag fram að jólum. Jóna Þórudóttir og Rannveig Garðarsdóttir starfsmenn safnsins aðstoðuðu við verkið. Sem innlegg til bættis umhverfis í bæjarfélaginu var farið að lána út plokktangir í bókasafninu og svo bættust við lautarkörfur sem lánþegar geta fengið lánaðar í lautarferð á fallegum svæðum í Reykjanesbæ en kort af grænum svæðum fylgdi með í körfunni. Einnig var aukið við spilum í spiladeild og bætt við útisplum um sumarið.

Þann 15. janúar opnaði Stapasafn fyrir starfsfólk og nemendur Stapaskóla. Mikil eftirvænting og gleði var fyrir opnuninni. Unnið er að uppbyggingu safnkost í Stapasafni og hefur það gengið vel. Meginþorri safngagna í dag tilheyra barna- og ungmennadeildum. Byrjað var á að samnýta safnkostinn milli safnanna tveggja. Í Stapasafni er boðið upp á sjálfsafgreiðslu en ekki er búíð að setja RFID flögur í öll safngögn. Búíð er að setja bókakoffort í leikskólann í Stapaskóla. Allir leikskólar Reykjanesbæjar hafa bókakoffort sem inniheldur fjölbreytt úrval af barnabókum, sem börnin geta fengið lánaðar heim. Þetta er liður í mál- og lestrarörvun leikskólabarna auk þess sem verkefnið eykur aðgengi barna að bókum.

Plássleysi er farið að hafa veruleg áhrif á starfssemi safnsins. Húsnæði Bókasafns Reykjanesbæjar er algjörlega sprungið og hefur það áhrif á alla starfsemi hvort sem kemur að safnkosti, viðburðahaldi eða getu safnsins til að miðla sínu efni og bjóða viðskiptavinunum upp á það rými svo safnið geti rekið sitt skylduhlutverk. Á árinu voru gerð drög af húsnæðisþörf fyrir Bókasafn Reykjanesbæjar sem voru lög fyrir bæjarstjórn. Þegar skipuleggja á nýtt safn þarf að hafa þarf næstu 10-15 ára í huga, staðsetning þarf að vera í alfaraleið og tekið tillit til almenningssamgangna. Bókasafn Reykjanesbæjar vinnur samkvæmt framtíðarsýn „Í takt við tímann“ sem samþykkt var af bæjarstjórn Reykjanesbæjar í apríl 2020.

Súlan - verkefnastofa

Þórdís Ósk Helgadóttir er forstöðumaður Súllunnar. Menningar- og atvinnuráð skipa þau Friðjón Einarsson (formaður), Arnar Páll Guðmundsson, Eydís Hentze Pétursdóttir, Sigrún Inga Ævarsdóttir og Trausti Arngrímsson.

AÐFANGAÐEILD

Hlutverk aðfangadeildar er skráning og tenging nýrra bóka, tímarita og annarra safngagna í Gegni, Landskerfi íslenskra bókasafna. Öll skráning fer fram eftir alþjóðareglum sem miðast við að auðvelda aðgengi notenda að safnkostinum, sem í okkar tilfelli birtist á www.leitir.is og á heimasíðu bokasafnsins.is. Tekið er lágmarksgjald fyrir allar nýskráningar fyrir önnur söfn sem óska eftir þjónustu safnsins.

Samkvæmt tölugögnum Landskerfis bókasafna taldist fjölbreyttur safnkostur Bókasafns Reykjanesbæjar í lok ársins 2021 (63.049) 61.914 eintök bóka og annarra safngagna sem skiptast m.a. í 55.290 bækur, 5.129 eintök tímarita, 1.089 hljóðbækur, 341 hljómdiskar, 715 mynddiskar og 157 spil. Árið 2021 var óhefðbundið í starfsemi safnsins, safnið var lokað í 15 daga vegna samkomutakmarkana í heimsfaraldrinum. Tíminn var því nýttur í skráningu á nýjum aðföngum. Í byrjun árs voru eftirfarandi safndeildum bætt við, teiknimyndasögudeild, pólska deildin, enska deildin, ljóðadeildin, og aftur var farið að nota almenna deild. Þetta er gert til að auðvelda starfsfólki aðfangadeildar allt utanumhald safnkosts. Vinna við að færa í almenna safndeild var byrjuð á árinu, ekki tókst að ljúka því verkefni fyrir áramót. Mun það því halda áfram árið 2022. Ráðist var í stórt verkefni þar sem leiðrétta þurfti um 2000 strikamerki vegna misbrests í strikamerkjaúthlutun frá birgjum. Þar sem verið er að vinna í að færa öll gögn yfir í nýtt bókasafnskerfi er eitt af því sem alls ekki má við yfirfærslu gagna frá Aleph, núverandi kerfi, til Alma eru tvö eða fleiri eintök með sama strikamerkið. Starfsfólk náði að ljúka þessu á árinu ásamt annarri tiltekt í kerfinu vegna yfirfærslunnar. Unnið hefur verið í að samræma skráningu, safndeildir og merkingar milli Bókasafns Reykjanesbæjar og Stapasafns. Eins eru innkaup í teiknimyndasögudeild samræmd með það í huga að samnýta safnkostinn betur. Vegna niðurskurðar voru innkaup á aðföngum á árinu ekki eins mörg og við hefðum kosið en þó var bætt við. Keyptar voru fleiri léttlestrarbækur á ensku, fleiri kökuform bættust við eftir óskir frá lánþegum og hafa útlán þar aukist um 24% milli ára. Eins bættust við fjórir sögupokar og hafa útláin þar aukist um 129% milli ára. Þann 23. apríl á Alheimshreinsunardeginum hófst útlán á plökktöngum sem hefur mælst mjög vel fyrir og verið vel nýtt, en alls voru keyptar inn 12 plokktangir sem fóru 31 sinnum í útlán. Yfir sumartímamann var svo byrjað að lána út lautarkörfur og voru keyptar inn fimm körfur og fóru út fimm sinnum. Í

körfunum má finna hugmyndir að stöðum til að fara í lautarferð og svo er 15% aflsáttur hjá Ráðhúskaffi af nesti í körfuna. Jukust útlán í spiladeild um 69% milli ára. Útlán í Rafbókasafninu hjá lánþegum okkar árið 2021 voru samtals 469 (594). Hefur því notkun lánþega á Rafbókasafninu minnkað um 21% milli ára. Helsta skýringin er sú að ekki er nægt efni á íslensku í Rafbókasafninu.



BARNA- OG UNGLINGASTARF

Sögustundir/heimsóknir: Tímabilum sögustunda er skipt niður í vorönn (frá ársbyrjun til sumars) og haustönn (frá hausti til áramóta). 117 (50) leikskólaheimsóknir voru skráðar á árinu frá 9 af 11 leikskólum bæjarins. Leikskólinn Gimli sækir jólasögustundir og Tjarnarsel kemur í reglulegar heimsóknir utan bókaðra tíma. Leikskólarnir Akur, Holt og Stapaskóli byrjuðu að mæta á Stapasafn í sögustundir en allir leikskólar koma í ratleik í Bókasafni Reykjanesbæjar. Bókasafnið fékk 24 (15) heimsóknir frá grunnskóláhópum sem samtals telur um 440 (387) börn. Það komu 177 (156) börn í Vallaratleik á safnið. Þar að auki voru hópar frá grunnskólunum að heimsækja safnið án formlegrar móttöku en KFUM/K komu einnig í heimsókn með 14 börn. Í lok árs var skólabókasafni Myllubakkaskóla lokað og nokkrir árgangar koma í bókasafnið með kennara og fá þá að velja bækur.

Samstarfsverkefni: Barnabókavörður er í samstarfi við aðra barnabókaverði á landinu og fylgist með því sem fer fram á öðrum bókasöfnum. Barnabókavörður tekur einnig þátt í umræðum sem varða barna- og unglingsbækur á póstlistum um málefni bókasafna. Barnabókavörður er í samstarfi við skólabókaverði í Reykjanesbæ. Lítið hefur verið fundað í ljósi sóttvarnatakmarkana. Umsjón með vali á barnabók ársins er í höndum Borgarbókasafns en almennings- og skólabókasöfn um land allt fá rétt til þátttöku.

Sumarlestur: Boðið er upp á sumarlestur 1. júní – 31. ágúst á hverju ári fyrir börn á milli 6 – 16 ára og elsta árgangi leikskólanna. Starfmenn bókasafns Reykjanesbæjar heimsóttu alla grunnskóla sveitarfélagsins og var efni sumarlesturs kynnt fyrir nemendum í 1. - 4. bekk þ.e. um 1400 nemendur. Allir nemendur fengu bókaskrá til að halda utan um lesturinn. Einnig var farið í alla leikskóla Reykjanesbæjar og fengu 270 börn afhenta bókaskrá og fyrsta spjaldið í sumarlestrarleikjum. Efni sumarlesturs fyrir árið 2021 var Grímsævintýri og voru útbúin tvö lestrarþing. Halla Karen var fengin til að leika í kynningarmyndbandi sem var sent á alla skólanna og var birt á samfélagmiðlum. Nemendur gátu valið að skila inn þátttökumiðum bæði á rafrænu formi eða á safninu. Sumarlesturinn í ár var hugsaður fyrir breiðari aldurshóp alveg upp í tíunda bekk og reynt var að endurspeglar það í spilunum. Yfir sumarið var vikuleg föndur dagskrá tengt þemanu.

132 (142) börn voru skráð í sumarlestur og 268 (310) spjöldum skilað inn. Sumarlestrarleikir voru í boði þ.e. bingó og orðaleit eins og síðastliðin ár en hægt var að nálgast skjölín bæði á netinu og í bókasafninu. Þá var einnig boðið upp á að senda inn lausnir í tölvupósti og í skilakassa á safni eða í skólabókasafninu. Farið var með skilakassa í öll skólasöfn grunnskólanna en þar gafst börnum kostur að skila inn þátttökumiðum ef þau eiga erfitt með að komast á safnið. Þetta er fjórða árið sem farið er þessi leið. Vikulega var dregið úr sumarlestursleikjunum og vinningshafar fengu bókaverðlaun. Tekið var aftur upp óvissupakkar þar sem börnin gátu komið og fengið lánaða pakka með þremur bókum (Léttfeti, Miðlungur og Fullsterkur).

Í september fór fram uppskeruhátíð sumarlesturs og til að draga úr hættu á hópamyndum vegna Covid-19 var ákveðið að hafa hana rafræna og var hátíðinni streymt á Facebook og náði viðburðurinn til um 1000 manns. Ævar Þór Benediktsson var fengin til að lesa upp úr bók sinni; Þín eigin saga: Rauðhetta og í framhaldi tilkynna sigurvegara sumarlesturs árið 2021. Eins og árið áður var ákveðið að veita þremur skólum Reykjanesbæjar verðlaunaávisun til bókakaupa á skólabókasafnið sitt. Verðlaunin voru veitt til þeirra skóla sem voru með flesta þátttökumiða (mest lesið) hjá sínum nemendum. Það voru skólarnir Háaleitisskóli sem náði fyrsta sætinu í ár með nokkrum þátttökumiðum fleiri en Myllubakkaskóli sem var í öðru sæti og Heiðarskóli í því þriðja. Verðlaunin voru 50.000 kr fyrir fyrsta sæti en 25.000 kr fyrir annað og þriðja sætið.

Koffort í leikskólum Reykjanesbæjar: Bókasafnið er með 11 bókakoffort, eitt koffort í hverjum leikskóla bæjarins. Samtals á safnið 1295 bækur í þessum koffortum sem eru í mikilli notkun. Heildarútlán úr bókakoffortum eru 15.540. Markmiðið

með kofforti í leikskólana er að börn hafi aðgengi að bókum, geti fengið að lána bók með sér heim og valið úr úrvali góðra bóka. Á árinu var farið yfir öll koffort hjá leikskólum bæjarins.

Gaman að lesa saman: Bækurnar og hljóðbækurnar úr fjölmennningarverkefninu Gaman að lesa saman (samstarfsverkefni á milli Bókasafns Reykjanesbæjar, leikskóla Reykjanesbæjar og Hljóðbókasafns Íslands) eru á leikskólum Reykjanesbæjar og nýttast til sérkennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Leikskólinn Gefnarborg í Garði og Laut í Grindavík eru einnig með. Hljóðbækurnar eru ætlaðar tvítyngdum börnum þar sem leikskólinn er með fjölmennningarverkefnið Brú milli tungumála í gangi.

Bókaverðlaun barnanna: Bókaverðlaun barnanna voru rafræn þannig að safnið sendi enga þátttökuseðla en gestir voru minntir á kosninguna á netinu með auglýsingum innan safnsins.

Fjölskyldudagar: Laugardagar eru fjölskyldudagar í bókasafninu. Í venjubundnu árferði er settur fram leikfangakistill auk þess sem boðið er upp á fjölda viðburða fyrir fjölskyldur yfir árið. Öll leikföng og bangsar voru teknir úr barnadeild vegna sóttvarnareglna.

Sögupokar: Markmiðið með sögupokum er að hvetja foreldra til aukinnar samveru með börnum sínum í gegnum leik og lestur og örva ímyndunarafl og sköpunargleði barna. Bættust við fjórir nýir sögupokar á árinu. Pokarnir eru orðnir tíu talsins og hafa vakið mikla lukku meðal barna og fullorðinna.

Gömlu tölvuleikirnir: Hægt er að fá gömlu tölvuleikina til að nota á staðnum. Markmiðið með þeim er að börn og foreldrar geti spilað saman gömlu leikina sem foreldrarnir spiluðu þegar þeir voru yngri. Engir tölvuleikir voru lánaðir út vegna sóttvarnareglna.

FJÖLMENNING

Heimskonur: Hópurinn Heimskonur hefur nú verið starfræktur í tæplega níu ár og gengur mjög vel. Hist hefur verið að minnsta kosti mánaðarlega. Með hópnum eru skipulagðir ýmiskonar viðburðir sem haldnir eru bæði í bókasafninu og annarsstaðar. Má þar nefna spilakvöld, bývaxdúkagerð og fleira. Að meðaltali hafa mætt 16 konur á þá mánaðarlegu fundi sem hægt var að halda árið 2021. Mörgum viðburðum var frestað vegna samkomutakmarkana. Haustið 2021 var Heimskonum boðin aðstoð við að þrjú sína eigin lopapeysu. Hist var annan hvern fimmtudag fram að jólum. Jóna Þórudóttir og Rannveig Garðarsdóttir starfsmenn safnsins aðstoðuðu við verkið.

Heima er þar sem hjartað slær: Verkefni sem hófst með Heimskonum í bókasafninu á vormánuðum 2019 var fylgt eftir og haldin var samskonar sýning og vinnustofa í bókasafni Hafnarfjarðar. Sótt var um í Bókasafnasjóð til þess að fara með verkefnið áfram um landið og fékkst styrkurinn. Verkefnið og sýningin fer í Múlaþing, Dalvíkurbyggð, Ísafjörð og Árborg.

Ljóðalabb: Í tilefni af pólskri menningarhátíð í Reykjanesbæ voru hengd upp ljóð á pólsku og íslenskri þýðingu þeirra meðfram strandleiðinni og gátu því íbúar notið útiveru og nært lífsblómið sitt í leiðinni með fallegum ljóðum.

Bréfamaráðon Amnesty International: Bókasafnið tekur alltaf þátt í átakinu í tvær vikur í desember þar sem fólk getur komið og skrifað undir áskoranir á vegum Amnesty.

Tungumálakaffi: Í maí hóf göngu sína Tungumálakaffi í bókasafninu í samstarfi við Rauða krossinn á Suðurnesjum. Sjálfboðaliðar frá Rauðakrossinum koma og spjalla á íslensku um daginn og veginn. Áhugavert er að segja frá því að hópurinn samanstendur mestmegnis af karlmönnum.

Samstarf við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum: Tveir hópar úr Stökkpallnum frá MMS komu í heimsókn á safnið.

Hælisleitendur: Bókasafnið kemur að þjónustu við hælisleitendur í Reykjanesbæ og fær hver hælisleitandi bókasafnskort án endurgjalds. Þetta er í samstarfi við velferðarsvið.

Millisafnalán: Bókasafnið sinnir þjónustu við skóla og stofnanir um allt land með því að lána bækur á íslensku, pólsku og ensku til lengri eða skemmri tíma.

Samstarf við Norræna húsið: Bókasafn Reykjanesbæjar er í samstarfi við Norræna húsið um lán á bókum á norrænum tungumálum hjá Norræna húsinu með gildu bókasafnskorti á Bókasafni Reykjanesbæjar. Lánþegar þurfa þó að hafa sjálfir fyrir því að ná sér í bækur og skila þeim aftur.

HEIMSENDINGARÞJÓNUSTA

Rannveig Lilja Garðarsdóttir og Oddný Leifsdóttir hafa umsjón með heimsendingaþjónustu bókasafnsins – Bókin heim. Farið hefur verið í heimsendingar, á Nesvelli og Hlévang aðra hverja viku. Um 4 lánþegar hafa þegið þjónustu í heimahús með reglulegu millibili. Þar að auki hafa starfsmenn safnsins verið milligönguliðir á milli lánþega og Hljóðbókasafns Íslands þegar þannig hefur staðið á. Um níu lánþegar nýta þjónustu bókasafnsins á Nesvöllum og á Hlévangi eru um sex manns sem nýta sér þjónustuna. Fækkun útlána má að einhverju leiti rekja til lokunar hjúkrunarheimila vegna covid-19 og samkomutakmarkana.

Samtals gögn í útlán (tölur síðasta árs í sviga):

Heimsendingar: 390 (399)

Nesvellir: 245 (323)

Hlévangur: 88 (125)



KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL ÁSAMT MENNINGARVIÐBURÐUM

Í markaðs- og kynningarstarfi safnsins er unnið með póstlista, facebook, instagram, pinterest, heimsíðu safnsins auk fréttabréfs Súlunnar Menning og viðburðir á Suðurnesjum. Allar auglýsingar eru hengdar upp í rými bókasafnsins. Leyfi fékkst til þess að flytja styrk til frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja „Kynning á bókmenntaarfinum“ á milli ára. Heildarfjöldi viðburða á árinu voru 149 (60) og skráðir gestir voru (11.535) (5.393). Heildarfjöldi áhorfa í streymi voru 3.577 (19.644). Vegna sóttvarna- og fjöldatakmakmarkana voru færri viðburðir haldnir, einhverjum þurfi að fresta eða senda í streymi. Mikil aukning gesta varð á viðburðum, keyptur var teljari sem gefur betri upplýsingar um gestatölur í safnið. Áhorf á streymi hefur minnkað milli ára en það getur streymis-óþols að einhverju leiti í samfélaginu.



Reglulegir/fastir viðburðir:

Bókakonfekt: Einn stærsti bókmenntaviðburður ársins þar sem rithöfundar koma og lesa úr verkum sínum. Í ár komu Karl Ágúst Úlfsson, Eva Björg Ægisdóttir, Fritz Már Jörgensson og Amanda Líf Fritzdóttir. Boðið var upp á tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Í ljósi aðstæðna var viðburðinum streymt á facebook síðu safnsins. Verkefnið var styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Viðburðurinn hefur náð til um 430 manns á samfélagsmiðlum.

Bókakonfekt barnanna: Árlegur bókmenntaviðburður fyrir börn var haldinn í fimmta sinn, nú í lok nóvember. Rithöfundarnir Bergrún Íris Sævarsdóttir og Þorgrímur Þráinsson lásu upp úr nýútkomnum bókum sínum. Boðið var upp á tónlistaratriði frá strengjasveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nokkur börn fengu að vera í salnum og boðið var upp á kakó í boði

Ráðhúskaffi. Í ljósi aðstæðna var viðburðinum streymt á facebook síðu safnsins. Verkefnið var styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurnesja. Viðburðurinn náði til um 1000 manns á samfélagsmiðlum.

Erlingskvöld: Vegna samkomutakmarkana fór Erlingskvöld fram í beinu streymi af Facebook síðu safnsins. Dagskráin var með glæsilegasta móti og fram komu rithöfundarnir Elísabet Kristín Jökulsdóttir, Benný Sif Ísleifsdóttir og Ragnar Jónasson. Tónlistarkonan Fríða Dís söng nokkur lög og Smári Guðmundsson spilaði undir. Dagskráin var styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurnesja og náði streymið til um 1316 manns.

Leshringur: Bókasafnið starfrækir leshring sem hittist einu sinni í mánuði og ræðir fyrirfram ákveðna bók sem allur hópurinn les. Þessi þjónusta var verulega skert vegna samkomutakmarkana. Guðmundur Ingvar Jónsson bókmenntafræðingur stýrir leshringnum.

Bókaganga: Í bókmenntagöngu var gengið á slóðir bókarinnar Fiskarnir hafa enga fætur eftir Jón Kalmann Stefánsson. Rannveig Lilja Garðarsdóttir starfsmaður safnsins og leiðsögumaður og Ragnhildur Árnadóttir bókasafnsfræðingur leiddu gönguna.

Fluid art: Í mars var haldið námskeið í Fluid Art með Þórarni Erni sem kenndi og leiðbeindi á námskeiðinu. Alls var námskeiðið þrjú skipti. Einnig var Þórarinn með teikninámskeið.

Þrjónahlýja: Hópur kvenna sem hittist reglulega í bókasafninu og vinnur handavinnu. Útkoman eru vettlingar og sokkar sem leikskólar bæjarins fá gefins. Þessi þjónusta var verulega skert vegna samkomutakmarkana en eitthvað er um að konur komi með húfu og vettlinga sem bókasafnið kemur svo áfram til leikskólanna.

Foreldramorgnar: Samverustund foreldra með ung börn í safninu. Einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina fá foreldrar fræðslu sem snýr að þörfum og uppeldi ungbarna. Í hin skiptin er notalegt spjall. Foreldramorgnar eru búnir að skapa sér sess meðal foreldra ungra barna og eru flestir viðburðirnir virkilega vel sóttir. Þessi þjónusta var verulega skert vegna samkomutakmarkana en það tókst að halda þrjár fræðslustundir á árinu, Arna Skúla með Svefn ungbarna, Guðrún Birna le Sage de Fontenay með Virðingarríkt uppeldi og Erna í Ernulandi með erindið Ég vel mig.

Notalegar sögustundir: Síðasta laugardag í mánuði er Notaleg sögustund með Höllu Karen sem er einn vinsælasti reglulegi viðburðurinn í bókasafninu. Þá les og syngur Halla Karen, leikkona og grunnskólakennari, fyrir stóran hóp barna á aldrinum eins til átta ára, og foreldra þeirra, ömmu og afa. Fjöldi sögustunda var verulega skertur en það tókst að halda fimm notalegar sögustundir á árinu.

Bókabíó: Næst síðasta föstudag í mánuði er sýnd kvikmynd sem gerð hefur verið eftir samnefndri bók. Myndirnar sem eru sýndar eru hugsaðar fyrir alla fjölskylduna. Bókabíó fór fram þrisvar sinnum í ár vegna samkomutakmarkana.

Fornsögunámskeið: Tvisvar á ári er fornsögunámskeið haldið í bókasafninu þar sem Þorvaldur Sigurðsson bókmennta- og íslenskufræðingur fjallar um fornsögunar. Á vorönn féll námskeiðið niður vegna samkomutakmarkana en farið var yfir Völuspá og önnur kvæði á haustönn.

Saumað fyrir umhverfið: Á opnunartíma safnsins er hægt að sauma í saumavél. Gestir geta saumað poka fyrir pokastöð bókasafnsins eða til dæmis stytta buxur eða sauma gardínur.

Aðrir viðburðir á árinu:

Krakkajóga: Sigurbjörg E. Gunnarsdóttir jógaleiðbeinanda og leikskólakennara var með krakkajóga í raunheimum í tengslum við heilsu- og forvarnaviku.

Öskudagur: Í ljósi tilmæla frá Almannavörnum var ekki í boðið upp á að syngja í Bókasafninu fyrir glaðning í ár, börn og foreldrar voru hvött til þess að njóta dagsins saman á sínum heimavelli.

Draumar og þrjár – litað á eigin taupoka: Í tilefni Norrænnar bókmenntaviku og í samvinnu við Norrænafélagið á Suðurnesjum var boðið upp á taupokalitun þar sem hægt var að mæta á þremur mismunandi dögum og skreyta sinn eigin taupoka í tengslum við þema vikunnar sem var Draumar og þrjár.

Minecraft námskeið: Börn í Reykjanesbæ kusu í krakkakosningum um Minecraft námskeið. Intrix héldu námskeiðið fyrir 6-12 ára börn. Ekki var þörf á að búa til Facebook viðburð fyrir námskeiðið þar sem það fylltist um leið og það var auglýst á heimasíðu safnsins.

Hrekkjavaka: Í tengslum við hrekkjavöku var börnum boðið að perla hrekkjavökumyndir. Einnig voru krakkar hvattir til þess að mæta í búningum. Í Hólfi var sett upp Hrikaleg uppvakningaleit. Gestum var boðið að taka vasaljós og ganga inn í hrekkjavökuskreytt rýmið þar sem búið var að fela fjölmarga uppvakninga. Á sama tíma var hægt að taka þátt í leik þar sem gískað var á fjölda uppvakninga í rýminu. Einn heppinn þáttakandi vann bókina hans Ævars Þórs vísindamanns, Þín eigin ráðgáta. Landinn á RÚV kom og tók upp frá sýningunni. Viðburðurinn var afsprengi samstarfs við Fræðslusvið í verkefninu Skólaslit.

Vetrarfrí grunnskólanna: Í vetrarfrí grunnskólanna voru dregin fram spil sem hentuðu öllum aldurshópum og gerð aðgengileg á miðju safnsins.

Krakkakosningar 2021: Dagana 20. – 25. september fóru fram krakkakosningar í bókasafninu. Þar voru börn í Reykjanesbæ hvött til þess að láta skoðanir sínar á barnastarfi bókasafnsins í ljós. Börn gátu gengið inn í kjörklefa þar sem hægt var að kjósa á milli nokkurra valmöguleika.

Skyndi – sprell: Allt sumarið var boðið upp á ýmskonar skyndi-sprell í bókasafninu. Sprellin fóru fram bæði innan og utandyra og voru allir hvattir til þess að fylgjast með á samfélagsmiðlum safnsins til þess að geta tekið þátt. Umsjón með sprellinu var á höndum sumarstarfsmanna sem komu í gengnum vinnumálaúrræði skólafólks.

Eurovision stigatafla og bingó: Í vikunni fram að Eurovision gátu gestir prentað út stigatöflu eða tekið með sér sem að voru sérútbúnað og bingóspjöld til að hafa við höndina þegar horft var á keppnina sjálfa.

Lesið fyrir hund: Tvo laugardaga í maí var börnum boðið að lesa fyrir hund. Vigdísar-vinir gæludýra á Íslandi komu með sérþjálfaða hunda sem búa í Reykjanesbæ ásamt aðstoðarmönnum. Hvert barn las svo í 20 mínútur og komust 12 börn að.

Notaleg skrímsla sögustund: Rithöfundurinn Áslaug Jónsdóttir las fyrir áhorfendur úr Skrímsla bókum sínum. Sögustundinni var deilt á Facebook.

Tækifærisganga með Nanný: Til að létta bæjarbúum lundina og hvetja til hreyfingar fór Rannveig Garðarsdóttir starfsmaður safnsins í göngur tvisvar í viku á vordögum þar sem allir voru velkomnir. Ástæða þess að hafa göngurnar strax eftir hádegi var að ná til þeirra sem voru t.d. atvinnulausir eða vantaði félagsskap. Blandað var saman fróðleik og hreyfingu. Allar göngur byrjuðu og enduðu við bókasafnið. Menningar og heilsugöngur styðja við læsi í víðum skilningi og heilsuefandi samfélag og vellíðan íbúa.

Safnahelgi á Suðurnesjum: Dagana 15. – 17. október var Safnahelgi á Suðurnesjum. Gestum var boðið að skoða sýninguna Smá-brot; tónlist og útgáfa á Suðurnesjum. Að auki komu meðlimir hljómsveitarinnar Midnight Librarian og tóku nokkur vel valin lög og hinsvegar Leikfélag Keflavíkur sem tóku nokkur lög úr uppsetningu sinni, Fyrsti kossinn.

Bannaðar bækur: Í tilefni af alþjóðlegri viku bannaðra bóka var vakin athygli á þeim verkum sem hafa verið bönnuð, fjarlægð eða aðgangur að þeim takmarkaður á einhvern hátt, aðallega í skólum og bókasöfnum í Bandaríkjunum. Sett voru saman plaköt fyrir bæði börn og fullorðna til þess að kynna efnið og auk þess voru gerðar myndir fyrir samfélagsmiðla. Meginmarkmið vikunnar er að fagna lestrarfrelsinu og rétti einstaklingsins til þess að velja sér lesefni án ritskoðunar.

Skák: Gestum var boðið að tefla í bókasafninu. Sett voru upp borð í miðju safnsins og allir hvattir til þess að setjast niður og tefla.

Jarðvangsvika á Reykjanesi: Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur mætti í safnið og var með erindi um eldgos og jarðskjálfta á Reykjaneskaga. Erindið var haldið í tilefni að jarðvangsviku á Reykjanesi dagana 27. maí til 6. júní.

Ástarvika: Kærleikurinn er besti leikurinn. Í ástarviku í febrúar var safnið skreytt með bókahjörtum og allir fengu hjartabókamerki.

Dagur íslenskar tungu: Vikuna 16. – 22. nóvember, í tengslum við Dag íslenskrar tungu, voru sett upp ljóð við standleiðina í Reykjanesbæ. Ljóðin voru öll eftir Jónas Hallgrímsson og vakti verkefnið mikla lukku meðal bæjarbúa. Bæjarbúar voru hvattir til þess að njóta útiveru og næra lífsblómið með fallettum ljóðum Jónasar í leiðinni.

Heilsu- og forvarnarvika: Í tilefni af heilsu- og forvarnarviku í Reykjanesbæ var boðið upp á heilsufarsskoðun í bókasafninu föstudaginn 8. október. Samtakahópurinn í samstarfi við Brunavarnir Suðurnesja buðu upp á skoðunina. Vel var mætt og einhverjir voru hvattir til þess að fara í meiri skoðun. Einnig var boðið upp á Tækifærisgöngu með Nanný og Krakkajóga með Sigurbjörgu E. Gunnarsdóttur leikskólakennara og jógaleiðbeinanda í heilsu- og forvarnarviku.

Bókasafnsdagurinn og Alþjóðlegur dagur læsis: Á þessum dögum vekur bókasafnið athygli á dögnum með fjölbreyttum hætti, bæði í safninu og á samfélagsmiðlum. Á bókasafnsdeginum var safnið skreytt með íslenska fánanum, felldar niður sektir og starfsmenn gæddu sér á köku á þessum hátíðisdegi. Þema ársins var Lestur er bestur – fyrir jörðina.

Vistvæn jól: Í lok nóvember var settur upp jóla skiptimarkaður þar sem allir gátu mætt með notuð en vel með farin og hrein föt, leikföng, spariföt og tekið með sér nýja/notaða hluti í staðinn. Einnig var settur upp púsl- og spilamarkaður á sama tíma. Þá var sett var upp innpökkunarstöð í Miðju safnsins.

Fullorðinsföndur: Í ár var boðið upp á þrjár föndur-kvöldstundir fyrir fullorðna. Í febrúar var origami óróagerð kennd og í september var boðið upp á taubindasam og vaxdúkagerð.

Umhverfisvænn september: Bókasafnið tók þátt í átakinu Plastlaus september sem miðar að því að takmarka notkun plasts. Ekki er lengur boðið upp á plastpoka undir bækur, heldur bréfpoka og margnota taupoka. Í safninu var hengt upp dagatal um 30 daga til að minnka plastið á ensku, íslensku og pólsku. Settur var upp fataskiptimarkaður fyrir fullorðna og börn þar sem öllum var boðið að koma með notuð en vel með farin föt og skipta þeim út fyrir önnur. Gestir voru hvattir til að sauma taupoka fyrir umhverfið. Í fyrsta skipti var plöntuskiptimarkaður, þar gátu allir áhugasamir mætt og skipst á inniplöntum og afleggjurum.

Fjölskyldubingó: Safninu var lokað fyrir páska og þá var sett saman fjölskyldubingó sem var aðgengilegt á vefsíðu safnsins með hvatningu um að fjölskyldur taki þátt í lestrar bingói í samkomutakmörkunum.

Sumarlestrarleikir: Þemað í ár var Grímsævintýri og boðið var upp á tvennskonar teningaspil sem hægt var að taka með sér heim eða prenta út af heimasíðu safnsins. Einnig var hægt að fara í sumarlestrarleiki, lestrarbingó og orðasúpu. Börn voru hvött til þess að taka þátt og skila inn þáttökuspjöldum eftir hvern leik (bæði hægt að skila á netinu og í safninu eða grunnskólum Reykjanesbæjar) og dregnir voru út vinningshafar í hverri viku í allt sumar.

Kynning á bókmenntaarfinum: Bókasöfnin á Suðurnesjum standa saman að dagskrá undir yfirskriftinni „Kynning á menningararfinum“ þar sem fjallað er um bókmenntir á ýmsan máta. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Í mars var Erlingskvöld í streymi frá Bókasafni Reykjanesbæjar þar sem Benný Sif Ísleifsdóttir, Elísabet Jökulsdóttir og Ragnar Jónasson lásu úr bókum sínum. Fríða Dís söng nokkur lög. Bókasafnið í Grindavík var með bókmenntahlaðvarp og birti viðtal við Sigríði Etnu Marínósdóttur og Katrínu Ósk Jóhannsdóttur beint frá Kvikunni. Í bókasafnið í Sandgerði komu Gróa Finnsdóttir og Unnur Lilja Aradóttir og lásu. Guðmundur Brynjólfsson kom í bókasafnið í Vogum. Á Bókakonfekt barnanna komu Bergrún Íris Sævarsdóttir og Þorgrímur Þráinsson og Bókakonfekt fullorðinna var á höndum Fritz Más Jörgensonar, Amöndu Líf Fritzdóttur, Evu Björgu Ægisdóttur og Karli Ágústi Úlfssyni. Á bæði kvöldin komu nemendur og kennarar frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og fluttu ljúfa tóna. Þessir tveir viðburðir fóru fram í streymi á samfélagsmiðlinum Facebook, en nokkrir þátttakendur sem voru búnir að skrá sig á viðburðinn fyrirfram fengu að vera í sal.

Sýningar í Átthagastofu:

Smá – brot; tónlist og útgáfa á Suðurnesjum: Bókasafn Reykjanesbæjar hefur að geyma töluvert safn af plötum tengdum áttöhögum Reykjaness. Við dustuðum rykið af þeim og settum upp þessa sýningu. Að auki voru fengnir að láni ýmsir munir frá velviljuðum vinum safnsins eins og Byggðarsafni Reykjanesbæjar, Geimsteini, Smástirni og Víkurfréttum. Markmiðið var ekki að vera með yfirgripsmikla sögusýningu heldur sýna skemmtileg brot frá liðnum tíma, nær og fjær. Viðtökur voru mjög góðar og sýningin einkar vel sótt. Í kringum jólin var sýningin skreytt með jóla skrauti með tilvísun í tíðarandann og tónlistinni skipt út fyrir jólatónlist.

Villt og skemmtileg dýr: Bókasafnið tók þátt í BAUN listahátíð barna í Reykjanesbæ þar sem þemað í ár var dýr. Af því tilefni var sett upp sýning þar sem hægt var að skoða dýr með hljóði, myndum og fjölbreyttum safnkosti. Á sama tíma var sett upp Tígrisdýrahólfíð þar sem hengdar voru upp myndir af tígrisdýrum í hólfinu og sett tígrisdýrahljóð. Börnin máttu leita að tígrisdýrum með vasaljósi í myrkvöðu tígrisdýrahólfi. Þessi sýning sló heldur betur í gegn og fór ásókn langt fram úr öllum væntingum.

Kardimommubærinn: Í samstarfi við Norska sendiráðið í Reykjavík var fengin að láni og sett upp sýning um Kardimommubæinn í Átthagastofu bókasafnsins. Sýningin saman stóð af stórum prentuðum myndum úr bókinni sem búið var að

líma á foam plötur og hengdar voru upp allan hringinn í rýminu. Einnig var hægt að taka þátt í getraun um sýninguna og vinna bókarverðlaun. Norski sendiherrann kom í heimsókn og skoðaði sýninguna og dró út vinningshafa.

Kynningarmál

Rými Bókasafnsins: Allar auglýsingar eru hengdar upp í rými bókasafnsins. Þannig sjá notendur bókasafnsins hvað er að gerast í safninu hverju sinni.

Miðlar

Heimasíða Bókasafns Reykjanesbæjar: Á heimasíðunni eru skrifaðar fréttir um starfsemi bókasafnsins, allir viðburðir auglýstir og síður með margvíslegum upplýsingum, til dæmis um sýningar í safninu, útlánareglur, safnkostinn og margt fleira.

Instagram: Instagram er vinsælasti samfélagsmiðill unga fólksins og þar eru settar inn myndir úr daglegu starfi bókasafnsins, auk þess sem viðburðir eru auglýstir á myndrænan hátt.

Facebook: Bókasafnið nýtir sér Facebook á fjölbreyttan hátt. Allir viðburðir á vegum safnsins eru auglýstir þar, alls konar upplýsingum um þjónustu safnsins er komið á framfæri og myndir úr daglegu starfi settar inn. Auk þess heldur Bókasafnið utan um nokkra lokaða Facebook hópa, t.d. fyrir Foreldramorgna, Leshring og Heimskonur.

Póstlistar/fréttabréf: Póstlistaforritið MailChimp er notað til þess að senda út auglýsingar um viðburði safnsins.

Hefðbundnir fjölmiðlar/annað: Allir viðburðir eru skráðir á Viðburðasíðu Reykjanesbæjar og einnig birtast flestir þeirra í Viðburðatorgi Reykjanesbæjar í Víkurfréttum á hverjum fimmtudegi og rafrænu fréttabréfi Súlnnar. Umfjallanir um viðburði á vegum safnsins birtast oft í Víkurfréttum og af og til náum við eyrum landsfjölmiðla.

TÖLVU- OG TÆKNIMÁL

Tölvueign: 20 tölvur eru nú í eigu safnsins, ein keyrir netkaffi fyrir gesti. Þar af eru 3 nettölvur fyrir gesti með prentara, 1 sjálfsafgreiðsluvél, 1 leitartölva fyrir gesti sem veitir aðgang að leitir.is, þar sem hægt er að fletta í bókakosti allra bókasafna á landinu auk rafrænna gagnasafna. Loks eru 10 tölvur á vinnustöðum starfsmanna, þar af 4 fartölvur. Ókeypiss aðgangur er að almenningstölvunum og þráðlausu neti fyrir lánþega safnsins, aðrir greiða fyrir aðgang að tölvu. Á árinu var keyptur nýr prentari fyrir netkaffið. Árið 2021 voru 1.460 (1.335) skráningar í netkaffi bókasafnsins sem gerir um 122 (111) á mánuði. Mest var aðsóknin í netkaffið í desember eða 172 innskráningar. Keyptur var nýr skjávarpi sem notaður er til sýninga á myndum, fyrirlestra og á sýningum í Áttthagastofu.

Forrit og kerfi: Stýrikerfi á tölvum bókasafnsins er Windows 10. Bókasafnskerfið Gegnir er sett upp á allar tölvur fyrir utan leitartölvur lánþega og netkaffi. Gegnir er samskrá íslenskra bókasafna og veitir aðgang að safnkosti nær allra íslenskra bókasafna svo hægt er að leita innan hans. Í Gegni fara fram öll útlán, skil, skráning, tengingar, millisafnalán og stór hluti heimildaleita. Forritið sem heldur utan um netkaffið heitir TrueCafe. Helstu forrit sem starfsfólk notar eru þau sem fylgja Microsoft Office kerfinu og Gegnir. Önnur helstu forrit eru Adobe Creative suite, Dreamweaver, Photostation, Microsoft Publisher, Acrobat Writer, GoPro og Lotus Notes. Í febrúar fóru öll skjöl bókasafnsins í skýið og eru þau aðgengileg fyrir alla starfsmenn hvar og hvenær sem er. Með skýinu er aðgangur að sharepoint og öðrum Microsoft forritum. Haldið var áfram að setja inn myndir safnsins í forritið FotoStation sem heldur utan um myndir Reykjanesbæjar.

UPPLÝSINGAÐEILD

Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir: Starfsemi Upplýsingaáæildar bókasafnsins felst í einstaklingsþjónustu til þeirra sem leita eftir upplýsingum og heimildum. Einnig er starfsemin fólgin í leiðbeiningum um bóka- og tímaritakost safnsins og um rafrænar leiðir til markvissrar upplýsingaöflunar. Markmið Upplýsingaáæildar er að veita öllum sem leita til safnsins, nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu. Starfsfólk upplýsingaáæildar leggur áherslu á að efla með notendum færni í upplýsingalæsi, þ.e. að finna, nota og meta upplýsingar með faglegum og ábyrgum hætti. Því býður upplýsingaáæild viðskiptavinum upp á notendaþjónustu þar sem farið er yfir helstu þætti upplýsingalæsis. Jafnframt sér deildin um kynningar fyrir hópa sem vilja kynna sér safnið og starfsemi þess. Áfram verður lögð áhersla á að kynna leitir.is til heimildaleita í gagnagrunni bókasafna auk fræðigreina. Á leitir.is er hægt finna efni í rafrænum gagnasöfnum eins og hvar.is og timarit.is. Skráðar beiðnir um heimildaleit voru 62 (67). Áfram heldur fækkun í upplýsingaleit hjá upplýsingaþjónustu sem er á neðri hæð safnsins sem má að einhverju leiti rekja til lokunnar safnsins og samkomutakmarkana. Aðstaðan á neðri hæð safnsins er nýtt vel á hverjum degi og hefur verið aukning á og því miður ekki verið pláss fyrir alla og sumir þurft að frá hverfa á mestu álagstímum. Í árslok var gerður

Þjónustusamningur um upplýsingaþjónustu fyrir nemendur af menntaskólanum á Ásbrú og háskólabrúar Keilis. Samningurinn gildir í eitt ár.

Millisafnalán: Beiðnir um millisafnalán frá öðrum söfnum 7 (11), millisafnalán til annarra bókasafna, 26 (14) lán til annarra stofnana s.s. skóla 3.492 (2418) og lán til skipshafna (skipakassar) 182 (151).

Notendafræðsla: Með notendafræðslu gefst lánþegum kostur á að fá kennslu í upplýsingalæsi, sem minnst var á hér að ofan, og heimildaleit í sérhæfðum gagnagrunnum. Þjónustan er gjaldfrjál. Þrátt fyrir litla eftirspurn er nauðsynlegt að geta boðið upp á þessa kennslu og því er vilji fyrir að halda henni áfram. Á árinu 2021 var haldið áfram með notendafræðslu um Rafbókasafni. Notendur að Rafbókasafninu er 52(78) með alls 492 (594) útlán.

Handbækur: Handbókasafnið, sem staðsett er á neðri hæð við upplýsingaþjónustuborð er í sífelldri þróun og endurskoðun. Fyrir nokkrum árum var tekin sú stefna að lána út handbækur í skammtímaláni til þess að fá meiri hreyfingu á handbækur. Lánstími er allt frá því að vera frá einum sólarhring upp í 14 daga. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir.

Upplýsingavakt: Þrír bókasafns- og upplýsingafræðingar sinna upplýsingavakt á bókasafninu. Miðað er við að starfsmaður sé á upplýsingavakt frá 9 til 15:30 virka daga og það hefur tekist ágætlega. Viðskiptavinum er boðið að fylla út beiðni um fyrirspurnir og heimildaleitir þegar enginn er á upplýsingavakt.

ÚTLÁNADEILD

Verksvið: Markmið útlánadeildar er að veita gestum Bókasafnsins sem besta þjónustu í miðlun upplýsinga á öllum sviðum. Undir útlánadeild falla eftirtaldir verkþættir: útlán og móttaka safnefnis bókasafnsins, innheimta vanskila, pantanaþjónusta, heimsendingarþjónusta, útlán til aldraðra, útlán til skipa, þjónusta við dvalarheimilin, símsvörun og upplýsingar í síma, upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina, tölvuþjónusta fyrir viðskiptavini, aðstoða viðskiptavini við tölvunotkun, uppröðun í hillur, grisjun og tiltektir, fylgjast með gagnaeign safnsins og koma með tillögur um innkaup, fylgjast með útgáfu bæði innanlands og erlendis, sýningar á safnefni og ýmis önnur tilfallandi verkefni. Starfsmenn í afgreiðslu finna aukna þörf notenda fyrir aðstoð við almenningstölvur. Í gildi er samstarfssamningur milli bókasafns Reykjanesbæjar, bókasafnanna í Vogum, Grindavík og Suðurnesjabæ. Þannig gildir eitt bókasafnsskírteini milli allra safnanna, hægt er að panta og skila safnefni frá öllum samstarfssöfnum.

Útlán: Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2021 voru 57.511 (53.913). Heimsendingar og útlán á elliheimili voru alls 723 (847). Útlán til skipa voru 182 (151). Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 19.860 (19.380). Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókasþjalli voru 250 (240). Flest útlán frá afgreiðsluborði voru í júní 6.624. Safnið var opið í 51 klst á viku yfir árið 284 (228) daga á árinu. Útlán í rafbókasafni voru 492 (594). Útlán frá afgreiðsluborði Stapasafns voru 7.218.

VIÐGERÐIR OG BÓKBAND

Gert er við safngögn eins hægt er hér í húsi. Innbindingu á Faxe og Víkurfréttum er sjálfhætt þar sem byrjað er að mynda á timarit.is. Umsjón með viðgerðum hefur Jóna Þórudóttir.

STAPASAFN

Stapasafn deilir húsnæði með Stapaskóla, fyrst sem skólabókasafn þar til fasi 2 við byggingu Stapaskóla verður tilbúin. Safnið er staðsett á efri hæð Stapaskóla og er 476 m². Stapasafn þjónustar nemendur og starfsfólk skólans með útlánnum safngagna og upplýsingaþjónustu. Sjálfafgreiðsluvél er á safninu sem er mikið notuð af eldri bekkjum skólans. Safnkostur er samnýttur milli aðalsafns og útibús og eru sendingar milli safnanna farnar eftir þörfum. Leikskólarnir Akur, Holt og Stapaskóli byrjuðu að mæta á Stapasafn í sögustundir. Útlán bóka árið 2021 voru alls 7.218 þar af 7.138 bækur og 70 spil. Safnið er opið virka daga frá kl. 7:45 – 15:00 en lokað á matartíma 11:45 – 12:15. Verkefnastjóri Stapasafns er Sigurrós Inga Sigurbergsdóttir og Ármann Ævar Halldórsson er þjónustufulltrúi. Safnkostur Stapasafns er skráður í Gegni, var 3.523 í árslok 2021 en meginþorri safngagna eru í barna og ungmennadeild sem stendur. Á Bókasafni Reykjanesbæjar fara fram innkaup, skráning og flokkun en starfsmaður Stapasafns sér um tengingu gagna. Stapasafn tók við spilum frá skólanum og sá um að koma efninu inn í Gegni. Fleiri borðspil hafa verið keypt auk fimm skákborða og klukkur en mikill skákáhugi í skólanum. Alla þriðjudaga koma leikskólarnir í Innri-Njarðvík í sögustundir er þær voru 28 og alls komu 406 börn.



YFIRLIT YFIR HEIMSÓKNIR, FERÐIR, SAMSTARSVERKEFNI, FUNDI, ERINDI, RÁÐSTEFNUR OG NÁM/NÁMSKEIÐ

Heimsóknir:

Stökkpallurinn frá MSS
H88 og stúlkur úr ungmennaráði
Suðurnesjasprettur FS
Heiðarskóli – kynning
Bókasafnið í Garðabæ
Verkstæði í Grófinni og Gerðuberg – SG
Bókasöfn Hafnarfjörður og Garðabær – SG/SIS
Diversity, inclusion and employment -SG
Orð skipta máli - SG

Súlan:

Vikufundir
Menningar- og atvinnuráðsfundir
Stöðufundir

Nám og námskeið:

Excel fyrir lengra komna - SG
Skyndihjálpi – SS/PÖG/OL/ÁÆH/GW/RG/AMC
Franklyn Covey – SG
Prómennt – SG
Unicef um barnasáttmálann – SG
Málstofa meistaranema - SIS
Nám í safnafræði við HÍ – AMC
Meistaránám í Upplýsingafræði - SIS

Ráðstefnur, fundir:

Léttum lífið: spörum sporin og aukum hagkvæmni með umbótum í opinberri þjónustu – SG
Drengir og lestur – SG/SB
Starfsmannadagur Súlunnar SG/SS/PÖG/GKB/JP/OL/SB/GW
Stjórnun á umrótartímum – SG
Landsfundur upplýsingar – SG/GKB/JP/SIS/PÖG
Kyndilberi Reykjanesbæjar – GKB
Blái skjöldurinn – GKB fulltrúi
Prófanir eftir aðra gagnahleðslu í Ölmú – PÖG
Esmarus+ fundur – SG
Liðveisla með börnum - SG/SS/PÖG/GKB/JP/OL/ÁÆH/GW/RG/AMC
Þjónustunámskeið í Hljómahöll SG/SS/PÖGJP/OL/ÁÆH/RG/AMC
Atvinnuáttak – SG
Ekkó ferlill – SG
Next library – SG
Alefli – GKB
Ráðstefna um stafræna framtíð hins opinbera – SG
Kynning á verkefnahandbók - SG/SS/PÖG/AMC/RLG/GKB/JP/OL
Undirbúningur fyrir fjárhagsáætlunargerð 22 – SG
Grænir leiðtogar – innleiðing grænna skrefa – SG
Smart Solutions – SG
Vitundarspil og ímynd Reykjanesbæjar - SG
Fræðslufundur skrásetjara - PÖG/GKB
Stjórnendadagur - SG/PÖG
Vinnuhópur um nýtt bókasafnskerfi – PÖG
Starfsmenn á skólasöfnum í Reykjanesbæ – SG/SIS/ÁÆH

Aðalfundur Landskerfis í maí - SG fulltrúi
Framhalds aðalfundur Landskerfis í júní - SG
Aðalfundur Upplýsingar – SG fulltrúi
Aðalfundur SFA – SG
Fundir í stjórn Upplýsingar – SG ritari
Aðalfundur Málræktarfélags Íslands í júní – SG fulltrúi
Samstarfsfundur Suðurnesjasafna – SG
Umsjón með bókasjalli – SG/Guðmundur Ingvar Jónsson

Samstarfsverkefni, nefndir og stjórnir:

Fulltrúaráð Þjónustumiðstöðvar bókasafna – SG
Varamaður í stjórn Landskerfis bókasafna hf að hálfu sveitarfélaga. - SG
Kynning á bókmenntaarfinum – með almenningsbókasöfnunum í Grindavík, Vogum og Suðurnesjabæ
Bókasafnsdagurinn – kynning á bókasöfnum og starfsemi þess
Hljóðbækur fyrir börn innflytjenda - samstarf við Hljóðbókasafn – AMC
Málræktarfélag Íslands – SG fulltrúi Reykjanesbæjar á aðalfundi
Samstarf bókasafna í SUD50 stjórnunareiningu Gegnis – SG
Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum - SG
Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna – SG fulltrúi
Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða - allir starfsmenn félagar

Starfsmannafundir, starfsmannamál:

Hópvavinna – teymi um málefni/verkefni. Fundað eftir þörfum
Starfsmannafundir hálfsmánaðarlega yfir veturinn
Deildarstjórafundir vikulega yfir veturinn
Tölufundir daglega
Starfsmannasamtöl
Stytting vinnvikunnar
Breyting á vaktafyrirkomulagi
Öryggisfundur og áhættumat
Fræðsluferðir

Ársskýrsla þessi byggir á ítarlegum skýrslum frá deildarstjórum og umsjónaraðilum verkefna.

Gjört í febrúar 2022

Stefanía Gunnarsdóttir

Forstöðumaður

